

## Leyfi til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði við Kjalarnes, Leiruvog, Engey og Viðey.

Í samræmi við 3. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins veitir Orkustofnun hér með Björgun ehf., kt. 460169-7399, Sævarhöfða 33, 110 Reykjavík, hér eftir nefnt leyfishafi, leyfi til töku efnis, sem nánar er tilgreint í 1. gr. þessa leyfis, á efnistökusvæði, sem tilgreint er í 2. gr., og á því tímabili, sem tilgreint er í 3. gr. leyfisins. Leyfið er gefið út með þeim skilyrðum sem sett eru í framangreindum lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins svo og þeim skilyrðum sem tilgreind eru í leyfi þessu.

Við undirbúning að útgáfu leyfis þessa var leitað umsagnar Umhverfisstofnunar, Faxaflóahafna, lax- og silungsvæðisviðs Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Reykjavíkurborgar, Siglingastofnunar Íslands, umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar.

### 1. gr.

#### *Almennt*

Leyfið tekur til töku malar og sands af hafsbotni og takmarkast við allt að 600.000 rúmmetra efnis á efnistökusvæði við Kjalarnes, allt að 100.000 rúmmetra efnis á efnistökusvæði við Leiruvog, allt að 200.000 rúmmetra efnis á efnistökusvæði við Engey og allt að 50.000 rúmmetra efnis á efnistökusvæði við Viðey, sbr. 2. gr. leyfisins. Rúmmál efnisins skal mælt við uppðælingu þess. Leyfið er sérleyfi og óheimilt er að veita öðrum leyfi til leitar eða efnistöku á sama svæði á gildistíma leyfisins.

### 2. gr.

#### *Efnistökusvæði*

Leyfið tekur til efnistöku af hafsbotni, utan netlaga, við Kjalarnes, Leiruvog, Engey og Viðey. Efnistökusvæðin eru merkt inn á meðfylgjandi kort (fylgiskjal 1), sem telst til hluta leyfisins, og afmarkast af eftirfarandi hnitum (ÍS93):

Kjalarnes	X <sub>(ÍS93)</sub>	Y <sub>(ÍS93)</sub>
A	360542	416980
B	360571	417012
C	360750	417005
D	360933	416955
E	361030	416860
F	361022	416543
G	360528	416552

Leiruvogur	$X_{(ISN93)}$	$Y_{(ISN93)}$
A	363770	411101
B	363866	411169
C	364052	411085
D	364374	410864
E	364441	410767
F	364375	410619
G	364342	410603
H	364182	410697
I	364057	410842

Engey	$X_{(ISN93)}$	$Y_{(ISN93)}$
C	358946	410654
D	358889	410996
E	358893	411301
F	359175	411309
G	359301	411222
H	359506	410669
I	359601	410506
J	359543	410386
K	359429	410263
L	359379	410066
M	359326	410051
N	359078	410234

Viðey	$X_{(ISN93)}$	$Y_{(ISN93)}$
A	361593	410387
B	361615	410407
C	361680	410418
D	361721	410383
E	361837	410044
F	361837	410037
G	361602	410314

### 3. gr.

#### *Gildistími*

Leyfi þetta gildir frá dagsetningu undirritunar þess til 3. nóvember 2019.

### 4. gr.

#### *Upplýsingagjöf og eftirlit*

Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd efnistökkunnar samkvæmt leyfi þessu. Orkustofnun hefur rétt til að fylgjast með efnistökkunni í alla staði og fá allar upplýsingar sem viðkoma henni og skal hafa aðgang að öllum þáttum þeirrar starfsemi sem efnistökkuna varðar.

Leyfishafi skal aðstoða við eftirlitið og veita aðgang að þeim gögnum sem snerta það með beinum hætti.

Leyfishafi skal mánaðarlega senda Orkustofnun upplýsingar um það magn efnis sem tekið hefur verið.

5. gr.

*Dýptarmælingar*

Hvert efnistökusvæði fyrir sig skal dýptarmælt í lok gildistíma leyfisins. Leyfishafi skal kosta dýptarmælingar. Leyfishafi skal við útfærslu og framkvæmd dýptarmælinga hafa samráð við Orkustofnun. Niðurstöðum dýptarmælinga skal skilað til Orkustofnunar á rafrænu formi og heimilt verður að nota gögnin til að uppfæra sjókort sem gefin eru út af sjómælingasviði Landhelgisgæslu Íslands.

6 gr.

*Framsäl*

Leyfishafa er óheimilt að framselja, veðsetja, leigja eða láta af hendi til annarra rétt sinn samkvæmt leyfi þessu, að hluta til eða öllu leyti, án samþykkis Orkustofnunar.

7. gr.

*Umhverfissjónarmið*

Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við efnistöku. Leyfishafi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar. Sérstaklega skal þess gætt að olía og önnur spilliefni fari ekki í sjó og skal leita heimildar annarra stjórnvalda um meðferð slíkra efna eins og við á.

Ákvæði VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd gilda eftir því sem við á um efnistöku samkvæmt leyfi þessu.

8. gr.

*Tillit til nýtingar og annarrar starfsemi*

Leyfishafi skal við framkvæmdir á sínum vegum, sem ætla má að hafi áhrif á nýtingu og aðra starfsemi annarra aðila í nágrenni við efnistökusvæðið, taka tillit til og hafa samráð við þá aðila.

Leyfishafi skal við framkvæmdir í samræmi við leyfi þetta gæta þess að raska eigi neðansjávarköplum og öðrum lögnum.

8. gr. a

*Samkomulag við Vegagerðina vegna efnistöku við Leiruvog*

Áður en efnistaka af hafsbotni á svæði við Leiruvog hefst skal undirritað samkomulag milli leyfishafa og Vegagerðarinnar, um framkvæmd efnistökkunnar, vera staðfest af Orkustofnun.

9. gr.

*Skaðabótaskylda*

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna alls tjóns sem kann að hjótast af starfsemi á grundvelli leyfis þessa í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins.

10. gr.

*Afturköllun og endurskoðun*

Orkustofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki skilmálum þess.

Verði verulegur og alvarlegur forsendubrestur á útgáfu leyfisins er Orkustofnun heimilt að taka leyfið til endurskoðunar.


Um afturköllun og endurskoðun á leyfinu fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

11. gr.

*Leyfisgjald*

Í samræmi við 36. tölul. 11. gr. laga nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs skal leyfishafi greiða í ríkissjóð kr. 110.000. Greiðslan skal innt af hendi við móttöku leyfis þessa.

Orkustofnun, 3. nóvember 2009



Guðni A. Jóhannesson  
orkumálastjóri

Leyfi til efnistöku á hafsbotni í Kollafirði við Kjalarnes, Engey, Viðey og í Leiruvogi

fylgiskjal 1



Kjalarnesnáma



Engey



Viðey



Leiruvogsnáma

Mælikvæði 1: 50.000